

Nd. **146. Frumvarp til laga** [97. mál]
um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Ný grein komi, er verði 16. gr. og orðist svo:

Foreldrar, sem lögheimili eiga á Íslandi, hafa rétt til 3ja mánaða fæðingarorlofs. Fæðingarorlof skal hefjast a. m. k. einni viku fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir tōku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi. Mæður skulu taka orlof hinn fyrsta mánuð og

að jafnaði einnig næstu tvo, en þó getur þess í stað föður verið heimilað að dveljast síðustu mánuðina tvo, eða hluta af þeim, hjá barni sínu að ósk móðurinnar.

Fæðingardagpeningar skulu greiddir í fæðingarorlofi og skulu þeir miðaðir við upphæð fullra sjúkradagpeninga einstaklings hverju sinni. Foreldri í launuðu starfi skal þó þess í stað halda dagvinnulaunum sínum í fæðingarorlofi og á þá vinnuveitandi endurkröfurétt á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins sem svarar fullum sjúkradagpeningum einstaklings, þó aldrei hærrí greiðslu en nemur $\frac{3}{4}$ hlutum launanna. Ekki skal heimilt að segja barnshafandi konu upp starfi. Konur utan vinnu- markaðarins og konur með laun undir mánaðarupphæð sjúkradagpeninga skulu sækja fæðingardagpeninga sína til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð, sé um fleirburafæðingu að ræða, eða sjúkleiki barns krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal staðfest með læknavottorði. Hvort foreldri sem er getur valið að dvelja hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarlaun í þessu tilviki skulu greiddast skv. 2. mgr.

Fæðingarorlof foreldris skerðist um allt að tvo mánuði, ef barn dvelst ekki hjá foreldri fulla 90 daga eftir fæðingu. Ættleiðandi foreldri eða uppeldisforeldri nýtur þá hins vegar allt að tveggja mánaða fæðingarorlofs frá fæðingu barns eða ættleiðingar- eða viðtökudegi þess. Fæðingarlaun þessi skulu greidd skv. 2. mgr.

2. gr.

Núgildandi 74. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 56/1975 um breyting á lögum nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 100. löggjafarþingi var flutt frumvarp til laga um eftirlaun aldraðra. Það frumvarp náði ekki fram að ganga en var þó afgreitt frá Ed. með þeirri viðbót, að ríkisstjórnin skyldi fyrir 1. janúar 1980 leggja fram frumvarp til laga, sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, eða tryggja þeim nýja tekjustofna.

Í marsmánuði s. l. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar. Allir þingflokkarnir tilnefndu menn í nefndina. Þar að auki eru í nefndinni skrifstofustjóri ráðuneytisins og er hann formaður, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og deildarstjóri ríkisendurskoðunar.

Tillaga sú, sem hér er flutt um allsherjar fæðingarorlof, er samin í fyrrnefndri vinnunefnd ásamt eftirfarandi greinargerð.

Grein þessi er nýmæli í lögum um almannatryggingar. Hér er gert ráð fyrir að hverju foreldri með lögheimili á Íslandi verði tryggð laun í fæðingarorlofi, sem að aðalreglu skal vara í 3 mánuði eða 90 daga samfellt. Ekki er hér, frekar en í ákvæðum um mæðralaun, gerð krafa um lögheimilistíma, né heldur er krafist lágmarksstarfsaldurs, hvorki í heild, né hjá þeim vinnuveitanda, sem viðkomandi er ráðinn hjá, þegar bótaréttur stofnast.

Tilgangur með fæðingarorlofi er sá, að konan fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu, sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldislegi þáttur, að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Því er rétti til fæðingarorlofs skipt milli fæðandi móður og uppeldisforeldris, sé ekki um sömu aðila að ræða, sbr. 4. mgr. Hins vegar þykir rétt að framlengja fæðingarorlof, þegar frekari umönnunar er þörf, t. d. við fleirburafæðingar eða í sjúkleikatiðfellum barna. Starf móðurinnar getur orðið ærið umfangsmikið í slíkum tilfellum. Er því rétt að faðirinn fái tækifæri til að leysa hana af hólmi, og að hann fái yfirleitt tækifæri til að sinna barni sínu nánar.

Ákvæði þess efnis, að fæðingarorlof skuli hefjast a. m. k. einni viku fyrir áætlaðan fæðingardag, er viðurkenning á þeirri þörf, að kona þurfi vissan undirbúning og hvíld fyrir fæðingu, sem ekki er síst tilfellið fyrir konur í starfi utan heimilis. Einnig er nauðsynlegt, að ákvæði um þetta efni séu nokkuð skýr.

Jafnframt er lagt til að nágildandi 74. gr. laganna verði felld niður, þar sem ekki teljast forsendur lengur fyrir slíkri þjónustu stofnunarinnar við ógiftar mæður, þ. e. a. s. að þær missi tekjur vegna barnsburðar.

Tillögur þessar, ef samþykktar verða á Alþingi, leiða til eftirfarandi helstu breytinga á réttarstöðu fæðandi kvenna og viðkomandi feðra:

1. Allar konur, sem forfallast frá vinnuráðningu vegna barnsburðar, skulu eiga sama rétt og þær, sem nú eru í opinberum störfum, þ. e. a. s. halda dagvinnulaunum sínum í a. m. k. 3ja mánaða fæðingarorlofi.
2. Konur utan vinnumarkaðarins og konur, sem hafa mánaðarlaun undir mánaðarupphæð sjúkradagpeninga, eiga rétt á fæðingardagpeningum í 3 mánuði, sem svarar til sömu upphæðar og nemur fullum sjúkradagpeningum þann tíma.
3. Við fleirburafæðingu eða sérstakar aðstæður vegna sjúkleika barns framlengist fæðingarorlof um einn mánuð.
4. Mæður skulu taka orlof þetta fyrsta mánuðinn og að jafnaði einnig næstu tvo. Þó er föður heimilt, að ósk móður, að taka orlofið í hennar stað síðustu mánuðina tvo eða hluta þeirra.
5. Fæðingarorlof foreldris skerðist, þó aldrei meira en um tvo mánuði, ef barn dvelst ekki hjá foreldri fulla 90 daga eftir fæðingu. Ættleiðandi foreldri eða uppeldisforeldri nýtur þá allt að 2ja mánaða fæðingardagpeninga skv. 2. tl.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er þá létt af Atvinnuleysistrygginga-sjóði núverandi greiðslum fæðingarorlofs og þær færðar að hluta yfir á launagreiðanda, svo sem nú er í opinberum störfum.

Launagreiðendur, sem orlof þetta verða að greiða, eiga endurkröfurétt á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins, sem nemur upphæð fæðingardagpeninga skv. 2. tl. eins og hún er hverju sinni, þó aldrei meira en $\frac{3}{4}$ hlutum launanna. Miðað við upphæð sjúkradagpeninga í desember 1979 og 4 400 fæðingar á ári, er hér um að ræða ríflega 1 300 m.kr. kostnaðarauka fyrir lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Hreinn útgjaldaauki ríkissjóðs og atvinnurekenda (sem bera útgjöld lífeyristrygginganna í hlutföllum 86:14%) yrði þó allt annar, þar sem hér yrði lögfest skylda allra launagreiðenda að rísa undir fæðingarorlofi launþega sinna eins og ríkissjóður gerir nú við langflestu starfsmenn sína.

Í útreikningum þeim, sem hér fara á eftir, er reynt að áætla raunverulegan útgjaldaauka þeirra aðila, sem lagt er til að rísi undir greiðslu fæðingarorlofsins, þ. e. a. s. ríkis og atvinnurekenda.

Hugmyndir um kostnað af fæðingarorlofi allra fæðandi kvenna.

1. Forsendur:

1.1. Fæðingarfjöldi alls	4 400/ári
Þar af á vinnumarkaði 60%	2 640
Þar af 2/7 hjá ríki og sveitarfélögum	792
Aðrir atvinnurekendur	1 848
Utan vinnumarkaðarins	1 760
1.2. Upphæð fæðingardagpeninga 1. des. 1979	3 292/dag
Fæðingardagpeningar í 90 daga	296 280 kr.

1.3. Meðallaun kvenna í þeim aldursflokkum sem fæðingarorlof nær til kr. 240 þús./mán.

Er þá haft í huga

- 1) að mestur hluti fæðinga fellur á yngri aldursflokka
- 2) að þeir aldursflokkar eru tiltölulega lágt launaðir og
- 3) verulegur fjöldi fellur á konur í hutastarfi.

1.4. Óbreytt kostnaðarþátttaka í útgjöldum lífeyrstryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, þ. e. a. s. ríki 86%, atvinnurekendur 14%.

1.5. Að „opinb. konur“ séu alls um 8300 (6000 hjá ríki og 2300 hjá sveitarfélögum skv. tölum B.S.R.B. 1978), og hafi allar 3ja mán. fæðingarfrí í dag en aðrar engan slíkan rétt. Hér er þó vitað um ríkisráðnar konur, sem ekki hafa þennan rétt og hins vegar aðrar, sem nokkurn rétt eiga skv. samningum.

1.6. Ekki er reynt að meta áhrif umræddra greiðslna fæðingarorlofs t. d. á skatttekjur ríkis né sveitarfélaga, orlof, lífeyrisrétt, launaskatt og þar með iðgjöld atvinnurekenda til slysatryggingadeildar T. r. o. fl.

2. Heildarútgjöld T. r.

2.1. 4 400 fæðingar \times 296 280	kr. 1 303 632
2.2. Þar af ber ríki 86%	— 1 121 124
og atvinnurekendur 14%	— 182 508
3. Útgjaldaauki ríkissjóðs	
3.1. 86% útgjaldaauki T. r.	— 1 121 124
\div 572 \times 296 280 endurgreitt	— \div 169 472
	<hr/>
	kr. 951 652

Hér má draga frá það sem ríki sparast við niðurfellingu 74. gr. almannatryggingalaga.

3.2. Bæjar- og sveitarfélög fengju endurgreitt 220 \times 296 280 (sem hreinan sparnað)

— 65 182

4. Útgjaldaauki atvinnurekenda

4.1. 2 640 \times 720 þús.	— 1 900 800
\div 792 \times 720 („opinb. konur“)	— \div 570 240
\div 1 848 \times 296 280 endurgr. T. r.	— \div 547 525
+ 14% útgjaldaauki T. r.	— +182 508
	<hr/>
	kr. 965 543

Þá er eins og áður sagði ekki reiknað með núverandi kostnaði atvinnurekenda af fæðingarfríi skv. samningum, en sá kostnaður félli nú niður.

Lauslega er áætlað að hann gæti numið allt að 25—30% þessa útgjaldaauka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni verður lágmarksgreiðsla fæðingarorlofs miðað við bótaupphæðir í desember 1979 kr. 296 280. Hámark ræðst svo af raunverulegum dagvinnulaunum hvers og eins.

Að öðru leyti telst greinin skýrð í athugasemdum.

Um 2. gr.

Greinin telst skýrð í athugasemdum.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.